

Mánudaginn 11. maí 1959.

Nr. 170/1958. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Kristjáni Högnasyni

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum o. fl. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og er ákærði sekur samkvæmt þar greindum lagaboðum, sbr. og 2. gr. laga nr. 19/1940 og 81. gr. laga nr. 26/1958. Eftir málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 7.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Högnason, greiði 7.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns og Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Gizurar Bergsteinssonar.

Maður sá, er varð fyrir bifreið ákærða og hlaut bana af, kom gangandi suður yfir Hringbraut og átti aðeins ófarið eitt skref eða svo að syðri gangstéttarbrún, er ákærði ók á hann. Er ljóst, að mjög hefur skort á, að ákærði hafi beint nægilegri athygli að ferðum mannsins og að hann hefur ekið of hratt. Með þessum akstri sínum hefur ákærði brotið gegn þeim ákvæðum laga og lögreglusamþykktar, sem greind eru í héraðsdómi, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald þrjá mánuði. Þá ber og að svipta hann ökuleyfi ævilangt, sbr. 81. gr. laga nr. 26/1958.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2.500,00 til hvors.

Dómsorð okkar er því þannig:

Ákærði, Kristján Högnason, sæti varðhaldi 3 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns og Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. júlí 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 8. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4085/1958: Ákærvaldið gegn Kristjáni Högnasyni, sem dómtekið var 1. júlí sl.

Málið er höfðað samkv. ákæruskjali, dagsettu 13. febrúar sl., gegn Kristjáni Högnasyni leigubifreiðarstjóra, Rauðarárstíg 11 hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 07.40 laugardagsmorguninn 23. nóvember sl. ekið bifreiðinni R-7697 hratt og ógætilega vestur Hringbraut hér í bæ með þeim afleiðingum, að Harald-

ur Thorsteinsson Hamar, Elliheimilinu Grund, sem var á gangi suður yfir syðri akbraut Hringbrautar móts við Brávallagötu, varð fyrir bifreiðinni og slasaðist svo mjög, að hann beið bana af.

Með framangreindum akstri sínum þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, svo og við 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. september 1925 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

- 1942 3/12 Rvík. Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.
- 1946 3/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, sbr. 4. mgr. 26. gr. sömu 1. og 219. gr. hegningarlaga.
- 1947 14/5 Rvík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 4/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1951 2/3 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Felltniður.
- 1952 22/4 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á bifreiða- og umferðarlögum.
- 1953 20/10 Rvík. Dómur, fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 142. gr. hegningarlaga.
- 1954 30/1 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðarlögum og umferðarlögum.
- 1955 22/8 Rvík. Kærður fyrir umferðarlagabrot. Fellt niður.
- 28/10 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1956 27/6 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 23. nóvember 1957 kl. 07.40 var tilkynnt á lögreglustöðina, að skömmu áður hefði orðið umferðarslys á Hringbraut. Reyndust tildrög slyssins hafa verið þau, að ákærði hafði komið akandi á leigubifreiðinni R-7697 vestur Hringbraut. Er hann var að koma á móts við húsið nr. 43, var Haraldur Thorsteinsson, fæddur 20. febrúar 1891, þar á ferð áleiðis suður yfir götuna. Skipti engum togum, að hann varð fyrir bifreiðinni

og hlaut svo mikil meiðsli af, að hann andaðist í sjúkrahúsi kl. 11.20 sama morgun. Að slysinu afstöðnu stóð bifreiðin R-7697 á syðri akbraut Hringbrautar á móts við Brávallagötu. Hún var við ytri gangstéttarbrún næstum beint fyrir í götunni, en vísaði þó aðeins til vinstri. Á syðri gangstétt, á móts við afturenda bifreiðarinnar vinstra megin, var blóðpollur rúman metra frá gangstéttarbrúninni. Hafði Haraldur heitinn legið þar að slysinu afstöðnu. Bifreiðin hafði rétt farið fram hjá ljósastaur, er slysið varð. Er slysið varð, var myrkur, rigning og færi þar af leiðandi blautt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum er malbikað. Hemlaför voru ekki sjáanleg á götunni. Raflýsing var talin slæm í götunni. Bifreiðaeftirlitsmenn skoðuðu bifreiðina R-7697, sem er af Dodge-gerð af árgangi 1955, og reyndist hún vera í fyllsta lagi. Við slysið hafði umgerð á vinstra ljóskeri bifreiðarinnar gengið úr skorðum, en ekki voru aðrar skemmdir sjáanlegar á bifreiðinni.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við leiguakstur umræddan morgun á bifreið sinni, R-7697. Hafði hann verið kvaddur frá bifreiðasíma Hreyfils í Kleppsholti að Rauðalæk 75. Hélt ákærði þangað og tók þar í bifreiðina Ágúst Guðmundsson slökkviliðsmann. Þessu næst ók ákærði áleiðis út á Seltjarnarnes, en þangað hafði Ágúst verið kvaddur vegna eldsvoða. Ákærði kvað Ágúst hafa sagt sér frá eldsvoðanum, en ekki hafði hann orð á því, að hann þyrfti að hafa hraðan á. Kvað ákærði það vera þegjandi samkomulag við bifreiðastjóra að hraða ferðinni, er þannig stendur á. Ákærði ók sem leið lá vestur á Hringbraut og hana til vesturs. Rigning var um morguninn og skyggni slæmt. Hafði ákærði þurrkur á framrúðu í gangi. Ákærði taldi, að hann hefði ekið á 40 km hraða eða á venjulegum hraða á Hringbraut, að því er hann sagði. Stýrið er vinstra megin í bifreið ákærða, og sat Ágúst í framsætinu við hlið hans hægra megin. Ákærði hafði lágu ljósin á bifreiðinni, en þau lýstu stutt fram fyrir hana. Er ákærði var kominn út í gatnamót Brávallagötu, sá hann mann á akbrautinni fram undan bifreiðinni. Taldi ákærði, að hann hefði þá átt 4—6 metra ófarna að manninum. Um leið og ákærði kom auga á manninn, kallaði Ágúst upp: „Passaðu þig!“ Ákærði hemlaði með fullu átaki á fóthemla, um leið og hann kom auga á manninn, en á sömu stundu lenti maðurinn vinstra megin að framan á bifreiðinni. Við ákeyrsluna lyftist maðurinn upp og fór upp

á vinstri aurlíf, en síðan féll hann í götuna við hlið bifreiðarinnar upp á gangstéttina. Taldi ákærði, að maðurinn hefði komið á ská yfir götuna. Bifreiðin fór um hálfa lengd sína áfram, eftir að hún lenti á manninum. Taldi ákærði, að verið gæti, að hann hefði gefið eftir á hemlum. Ákærði nam nú staðar og fór út úr bifreiðinni. Maðurinn, er var meðvitundarlaus, lá á grúfu upp á gangstétt til hliðar við bifreiðina langsum í götunni. Sneru fætur hans í norðvestur, en höfuð í suðaustur. Samkvæmt ummerkjum á bifreiðinni kvað ákærði manninn hafa lent á framvara hennar og ljóskeiri vinstra megin. Ákærði sá ekki til ferða mannsins, fyrr en hann var kominn fram fyrir bifreiðina, eins og áður greinir. Kveðst hann því ekki hafa vitað, hvaðan maðurinn hafi verið að koma. Ákærði kvaðst hafa haft það á tilfinningunni, að bifreiðin hefði lent á vinstri hlið mannsins. Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrir kallaður við aksturinn, og ekkert hefði truflað sig. Taldi hann, að þeir Ágúst hefðu ekki verið að tala saman. Maðurinn var í gráum yfirfrakka með hatt á höfði.

Vitnið Ágúst Karl Guðmundsson, er var með ákærða í bifreiðinni, er slysið varð, hefur skýrt frá í öllum verulegum atviki á sama hátt og ákærði. Vitnið kvaðst hafa beðið ákærða að aka sér út á Seltjarnarnes vegna eldsvoða. Vitnið bað þó ákærða ekki um að flýta sér, en hann ók frekar greitt að sögn þess. Er það ætlun vitnisins, að hann hafi ekið með allt að 30—40 km hraða miðað við klukkustund, og var hann á þeim hraða, er hann nálgadist slysstaðinn. Er bifreiðin var að komast inn á gatnamót Brávallagötu, varð vitnið vart við mann, er var um það bil eina bifreiðarlengd fyrir framan hana. Vitnið kallaði til ákærða og sagði honum frá manninum, er kom skáhallt yfir götuna í áttina að bifreiðinni. Hemlaði ákærði rétt í því, en næstum á sömu stundu varð slysið. Vitnið kvaðst búast við því, að ákærði hefði hemlað eftir sinni fyrirsögn, þar sem hann virtist ekki hafa séð manninn. Maðurinn virtist ekki hafa veitt bifreiðinni athygli, en hann var rétt að sleppa yfir götuna, er bifreiðin lenti á vinstri hlið hans. Maðurinn kastaðist frá bifreiðinni og út fyrir vinstri hlið hennar. Bifreiðinni var ekið með ljósum, en rigning var og skyggni slæmt. Bifreiðin stöðvaðist mjög fljótt, eftir að maðurinn varð fyrir henni. Maðurinn lá á grúfu á syðri gangstéttinni aftur með bifreiðinni að slysinu afstöðu. Hann var þversum, og vísaði höfuð hans út að akbraut-

inni, en fætur í suður. Vitninu virtist ákærði vera vel fyrir kallaður og hafa óskipta athygli við aksturinn. Þeir voru ekki að tala saman, er slysið varð.

Vitnið Þórður Áskell Magnússon kennari, Hringbraut 43, hefur skýrt frá því, að það hafi staðið fyrir utan dyrnar heima hjá sér, er umrætt slys varð. Vitnið kvaðst hafa séð Harald heitinn, þar sem hann kom af Brávallagötu og gekk suður yfir Hringbraut aðeins austan gatnamótanna. Hann gekk hægt og beint yfir götuna. Er hann var kominn á syðri akbraut Hringbrautar, þar að bifreiðina R-7697, er kom austan götuna á mikilli ferð, að því er vitninu virtist. Vitninu virtist Haraldur heitinn líta í þá átt, sem bifreiðin kom úr, og fór hann þá að flýta sér yfir götuna. Er hann var rétt kominn að gangstéttinni sunnan Hringbrautar, skipti engum togum, að bifreiðinni var ekið á hann. Vitnið taldi, að Haraldur heitinn hefði átt eitt skref eða svo ófarið að gangstéttarbrúninni, er hann varð fyrir bifreiðinni. Haraldur heitinn kastaðist í loft upp og lenti uppi á bifreiðinni vinstra megin ofan til við ljóskerið eða yfir framenda hennar vinstra megin. Hann féll svo niður á syðri gangstétt. Haraldur heitinn lá að slysinu afstöðnu á grúfu þversum í götunni, þannig að höfuðið vísaði að akbrautinni, en fæturnir að húsaröðinni. Vitnið taldi víst, að ljós hefði verið á bifreiðinni R-7697, þar sem það kvaðst hafa tekið eftir því, ef svo hefði ekki verið.

Vitnið Guðlaug Sigríður Karlsdóttir nemandi, Birkimel 10 A, 15 ára að aldri, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt á syðri gangstétt Hringbrautar milli húsanna nr. 41 og 43, er umrætt slys varð, og verið að bíða eftir strætisvagni. Vitnið kvaðst hafa heyrt hljóðmerki frá bifreið og séð þá, hvar bifreiðin R-7697 kom austan götuna á mjög miklum hraða. Kvað vitnið bifreiðinni hafa verið ekið mun hraðar en bifreiðum er almennt ekið þarna. Í sömu andrúnni og vitnið sá bifreiðina sá það Harald heitinn á leið suður yfir syðri akbraut Hringbrautar, og var hann næstum kominn yfir götuna. Bifreiðin átti skammt ófarið að Haraldi heitnum, og skipti engum togum, að henni var ekið á hann. Haraldur heitinn kastaðist í loft upp yfir vinstri framaurhlíf bifreiðarinnar, en síðan féll hann á gangstéttina og lá þar hreyfingarlaus. Vitnið hafði ekki séð til ferða Haralds heitins fyrr en næstum á sömu stundu og slysið varð. Vitnið varð ekki vart við það, að bifreiðinni R-7697 væri hemlað fyrr en

í sömu andránni og slysið varð. Haraldur heitinn lá að sögn vitnisins á grúfu þversum í götunni að slysinu afstöðnu. Sneri höfuð hans að götunni, en fætur í suður. Vitnið vissi ekki, hvort ljós voru á bifreiðinni R-7697.

Vitnið Theódór Sigurbergsson nemandi, Víðimel 21, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið vestur Hringbraut eftir syðri gangbraut með Magnúsi Guðmundssyni, Hringbraut 21, er framangreint slys varð. Er þeir voru rétt komnir vestur fyrir húsið nr. 41, tók vitnið eftir Haraldi heitnum, sem var á gangi áleiðis suður yfir syðri akbraut Hringbrautar. Vitnið taldi, að hann hefði gengið beint eða alveg þvert yfir götuna, en var ekki öruggt um það. Haraldur heitinn gekk frekar hægt og nokkuð frá gatnamótum Hringbrautar og Brávallagötu. Hann var kominn nálægt gangstéttarbrúninni, og vitnið taldi, að hann mundi ná að komast yfir akbrautina, áður en bifreiðina R-7697. er var á vesturleið, bæri að. Vitninu fannst bifreiðinni R-7697 ekið nokkuð hratt eða hraðar en bifreiðum er almennt ekið þarna. Vitnið gat þó ekki sagt fyrir víst um ökuhraðann. Bifreiðin var komin aðeins vestur fyrir þá Magnús, er henni var hemlað. Bifreiðin rann áfram, og vitnið sá Harald heitinn kastast í loft upp, en síðan féll hann upp á syðri gangstétt. Bifreiðin rann aðeins áfram, eftir að Haraldur heitinn féll á gangstéttina. Haraldur heitinn lá að slysinu afstöðnu á grúfu langsum í götunni, og sneri höfuð hans í austur, en fætur í vestur. Vitnið varð ekki vart við það, að Haraldur heitinn veitti bifreiðinni neina at-
hygli. Vitnið tók ekki eftir því, hvort ljós voru á bifreiðinni R-7697. Rigning var, er slysið varð, og kvað vitnið hafa verið vont að sjá Harald heitinn.

Vitnið Magnús Guðmundsson nemandi, Hringbraut 41, 14 ára að aldri, var með síðastnefndu vitni á gangi, er slysið varð. Vitnið kvaðst ekki hafa séð Harald heitinn fyrr en á sömu stundu og slysið varð. Var bifreiðin R-7697 þá komin nokkuð fram fyrir þá félaga. Taldi vitnið, að bifreiðin hefði verið komin út í gatnamót Brávallagötu, er henni var hemlað, og rétt í því sá það Harald heitinn kastast í loft upp og falla á gangstéttina á grúfu, og varð hattur hans undir andlitinu. Haraldur heitinn lá að slysinu afstöðnu langsum í götunni með höfuðið í austur og fætur í vestur. Vitninu fannst bifreiðinni R-7697 ekið fremur hratt, en vitnið kvaðst þó oft hafa séð bifreiðum ekið með sama hraða um Hringbraut þarna.

Páll Sigurðsson læknir tók á móti Haraldi heitnum á Slysavarðstofunni skömmu eftir slysið. Segir svo í vottorði hans, dagsettu 25. nóvember 1957:

„Hinn 23.11. 1957 kl. 07.30 var komið með ofan nefndan mann til Slysavarðstofunnar í sjúkrabíl, og hafði hann orðið fyrir bíl. Við komuna á stofuna er maðurinn með meðvitund, en man ekki, hvað við hefur borið; kvartar um höfuðverk, svima og ógleði og verk í vinstri mjöðm. — Skoðun við komu: Maðurinn er mjög horaður og veiklulegur. Blóðþr. 90/70, æðaslög 80/mín. Á enni er flipaskurður og annar á hvirfli. Smávegis hrúfl er á vinstra hné og legg, einnig á fingrum vinstri handar og úlnlið. Vinstri ganglimur liggur snúinn út á við í 90 gr. í mjaðmarlið, og mikill sársauki við hreyfingatilraunir. Röntgen-skoðun af vinstri mjöðm leiddi í ljós brot á lærleggshálsi. Skurðirnin voru hreinsaðir og saumaðir í deyfingu og búið um sárin. Maðurinn dvaldist á Slysavarðstofunni um það bil 2 tíma, en var þá fluttur í Landakotsspítala.“

Prófessor Niels Dungál krufði lík Haralds heitins Thorsteinsonar. Segir svo í skýrslu hans um krufninguna:

„.... Líkið er af mjög horuðum manni, sem er varla nema skinn og bein. Það er 169 sm á lengd, með litlum líkblettum á baki, lítið stirt. Mikið hrúfl er á nefinu, þannig að húðin er hér um bil öll hrúfluð af brjóskehltu nefsins. Á enninu sést 6 sm langt samansaumað sár, sem er á ofanverðu miðju enni, og gengur þaðan beint upp undir hvirfil, og í efri enda sársins gengur annað sár þvert yfir það, og er það um 3 sm á lengd, einnig samansaumað. Á hökunni er einnig 3 sm langt samansaumað sár, sem gengur þvert yfir neðanverða hökuna. Önnur áberandi áverkamerki sjást ekki á líkinu

Í grindarholinu var mikil blæðing á bak við lífhimnuna, sérstaklega vinstra megin. Var skorið inn á grindabeinin þar, og fundust beinin þar þá mikið brotin. Vinstra mjaðmarbein var þverbrotið yfir mjaðmarspaðann ofan til, þannig að mannslófastórt stykki var brotið ofan af og hafði þrýstst inn í vöðvann á bak við það. Neðar var os ischii (setbeinið) þverbrotið, þannig að stórt gat sást inn í mjaðmarliðinn, þar sem augnakallinn blasti við. Í kringum þessi brot var mjög mikil blæðing um allt grindarholið undir lífhimnunni, og vinstra megin náði blæðingin upp undir nýra. Sennilega hefur blætt a.m.k. sem svarar 1 lítra á þessu svæði.

Á hægra mjaðmarbeini sást aðeins ein 5 sm löng sprunga inn við grindarholið.

Ályktun: Svo virðist sem maðurinn hafi hlotið mjög mikinn áverka framan á vinstri mjöðm og skollið við það á andlitið. Blæðingin frá beinbrotinu hefur leitt manninn til bana.“

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið með 40 km hraða, er umrætt slys varð, og vitnin hafa borið, að hann hafi ekið hratt. Þykir þannig sannað, að ákærði hafi ekið með ólöglegum hraða og allt of hratt miðað við aðstæður. Þá lítur dómarrinn svo á, að, ákærði hafi átt að geta séð til ferða Haralds heitins yfir götuna, þar sem ekkert skyggði á hann, og þannig komið í veg fyrir slysið. Verður að telja, að ákærði eigi með umræddri óaðgætni sinni sök á slysinu.

Með framangreindu atferli sínu telst ákærði hafa gerzt brotlegur gegn 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2/1930, sbr. nú 1. mgr. 37. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 5.000,00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Högnason, greiði 5.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í 2 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar hdl., kr. 1.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.